

2289. fundur stjórnar Knattspyrnusambands Íslands var haldinn fimmtudaginn 9. febrúar 2023 og hófst kl. 16:00. Fundurinn var haldinn á skrifstofu KSÍ á Laugardalsvelli.

Mættir stjórnarmenn: Vanda Sigurgeirsdóttir formaður, Borghildur Sigurðardóttir varaformaður, Sigfús Ásgeir Kárason varaformaður, Guðlaug Helga Sigurðardóttir, Helga Helgadóttir, Ívar Ingimarsson, Pálmi Haraldsson, Torfi Rafn Halldórsson og Unnar Stefán Sigurðsson.

Forföll: Orri Hlöðversson.

Mættur framkvæmdastjóri: Klara Bjartmarz sem ritaði fundargerð.

Þá tóku eftirfarandi starfsmenn KSÍ sæti á fundinum:

- Haukur Hinriksson lögfræðingur KSÍ undir dagskrárlíð 4.
- Jörundur Áki Sveinsson, sviðsstjóri knattspyrnusviðs undir dagskrárlíð 6a.

Fundargögn:

- Fundargerð síðasta fundar
- Minnisblað varðandi miðasölumál á heimaleiki A landsliða
- Drög að dagskrá fyrir málþing
- Verðlaun og viðurkenningar á ársþingi
- Tillaga til stjórnar um heiðursveitingu á ársþingi
- Tillaga til stjórnar um hvatningar til aðildarféлага
- Tillögur fyrir ársþing og athugasemdir
- Tillögur til breytingar á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót
- Tilaga um breytingu á reglugerð KSÍ um landsliðsmerki
- Tillaga til stjórnar frá mótanefnd vegna úrsagnar Einherja
- Minnisblað og tillaga til stjórnar vegna mögulegs umspils A kvenna og A karla 2024 og 2025

1. Fundargerð síðasta fundar var þegar samþykkt.
2. Fundargerðir nefnda voru lagðar fram til kynningar og fréttir frá ÍTF.
 - a. Fundargerðir nefnda voru lagðar fram til kynningar:
 - ✓ Fjárhagsnefnd 8. febrúar 2023
 - ✓ Mótanefnd, 26. janúar 2023
 - ✓ Mótanefnd 8. febrúar 2023
3. Rætt var 77. ársþing KSÍ
 - a. Borghildur Sigurðardóttir formaður fjárhags- og endurskoðunarnefndar og Klara Bjartmarz framkvæmdastjóri kynntu drög að uppgjöri. Endanlegt uppgjör verður kynnt stjórn í næstu viku að viðstöddum fulltrúum Deloitte. *Stjórn KSÍ samþykkti uppgjör við ÍTF í samræmi við þann samning sem var í gildi 2016-2021. Þá samþykkti stjórn að gefa framkvæmdastjóra umboð til að gera upp við ÍTF sameiginlegan kostnað ársins 2022 með hliðsjón á mati markaðssviðs á hlut KSÍ.*
 - b. Borghildur Sigurðardóttir formaður fjárhags- og endurskoðunarnefndar og Klara Bjartmarz framkvæmdastjóri kynntu fjárhagsáætlun 2023. Þá var kynnt nýtt miðasölumódel fyrir heimaleiki A landsliða. *Stjórn KSÍ samþykkti tillögu framkvæmdastjóra um að umsókn KSÍ í styrkjakkerfi FIFA árið 2023 snúi að dómarakostnaði sambandsins.*
 - c. *Samþykkt að hafa kynningarfund um þær tillögur sem liggja fyrir ársþinginu þriðjudaginn 21. febrúar á Teams.*
 - d. Lögð var fram dagskrá fyrir málþing sem haldið verður föstudaginn 24. febrúar á Ísafirði.
 - e. Lagt var fram yfirlit yfir viðurkenningar fyrir síðasta starfsár.
 - f. *Stjórn KSÍ samþykkti veitingu heiðurskross KSÍ.*
 - g. Ársskýrsla KSÍ og skýrslur nefnda voru kynntar fyrir stjórn.

- h. Stjórn KSÍ samþykkti að senda hvatningar til aðildarfélaga varðandi þingið. Annars vegar almenn hvatning um að fjölmenna á þingið og hins vegar að huga að kynjaskiptingu við val á þingfulltrúum.
- i. Rætt var um gesti á þinginu.

Vanda Sigurgeirsdóttir formaður yfirgaf fundinn og tók Borghildur Sigurðardóttir fyrsti varaformaður við fundarstjórn.

- 4. Tillaga kjaranefndar um kjör formanns KSÍ, Vöndu Sigurgeirsdóttur, var samþykkt. Borghildi Sigurðardóttur fyrsta varaformanni var falið að ganga frá ráðningarsamningi við formann KSÍ í samræmi við tillögu kjaranefndar.

Vanda Sigurgeirsdóttir tók sæti á fundi og tók aftur við fundarstjórn.

Haukur Hinriksson lögfræðingur tók sæti á fundinum.

- 5. Rætt var um lög og reglugerðir
 - a. Farið yfir fyrirleggjandi tillögur fyrir ársþing
 - ✓ Tillaga til lagabreytinga, lögð fram af stjórn KSÍ.
 - ✓ Tillögur frá Orra Hlöðverssýni stjórn ÍTF/KSÍ sem LLR sendir stjórn KSÍ til umsagnar. Rætt um viðhorf stjórnar við hverja tillögu fyrir sig og lögfræðingi KSÍ falið að færa sjónarmið stjórnar í umsagnir eins og við á.
 - ✓ Tillaga frá ÍR o.fl. varðandi fyrirkomulag á deildakeppni í mfl. kv.
 - ✓ Rætt um tvær þingsályktunartillögur stjórnar, annars vegar varðandi viðbragðsáætlun Samskiptaráðgjafa Íþróttá- og æskulýðsstarfs og hins vegar áskorun til sveitafélaga og ríkis að styðja við uppbyggingu knattspyrnumannvirkja og ferðakostnað landsbyggðarliða.
 - b. Reglugerðarbreytingar
 - ✓ Stjórn KSÍ samþykkti tillögur um breytingar á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót, hvað verðar keppnisbolta, nafn á deildum og heimild til veitingu verðlauna:

Það sem lagt er til að bætt verði við í reglugerðina er **grænmerkt**

Það sem lagt er til að falli út úr reglugerðinni er **yfirstríkað**

6.1 Stjórn KSÍ veitir verðlaunagripum sem vinnast til eignar í öllum mótum á vegum KSÍ þar sem keppt er til úrslita. Í Íslandsmóti, bikarkeppni, meistarakeppni KSÍ og deildarbikarkeppni KSÍ skal einnig veita verðlaunagripum sem sigurvegarar verðveita þar til keppt er um þá næst. Stjórn KSÍ getur sett ítarlegri reglur um einstaka verðlaunagripum. **Í Íslandsmóti meistaraflokks í tveimur efstu deildum karla og kvenna er ÍTF heimilt að veita farandgrip til sigurvegara móta og getur sett reglur þar um.**

11.1 Það félag eða aðili sem fyrir leik á að ráða skal leggja til knött og varaknetti í leikinn.

~~11.2 KSÍ skal heimilt að semja um notkun knattar af tiltekinni gerð í einstök mót á þess vegum.~~

23.1 Íslandsmót

23.1.1 Íslandsmóti meistaraflokks karla skal þátttökuliðum skipt í 7 deildir, efsta deild skal skipuð 12 liðum, 1. deild 12 liðum, 2. deild 12 liðum, 3. deild 12 liðum, 4. deild 10 liðum, 5. deild 16 liðum sem leika í tveimur riðlum og Utandeild öðrum liðum. ~~Stjórn KSÍ ákveður á hverju ári hvert skuli vera nafn viðkomandi deilda.~~

29.1 Íslandsmót

29.1.1 Í Íslandsmóti meistaraflokks skal þátttökuliðum skipt í þrjár deildir. Efsta deild skal skipuð 10 liðum, 1. deild 10 liðum og 2. deild öðrum liðum. ~~Stjórn KSÍ ákveður á hverju ári hvert skuli vera nafn viðkomandi deilda.~~

Greinargerð:

Um ræðir breytingartillögur á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót í kjölfar samþykktá á ársþingi í febrúar 2022.

- ✓ Lögð var fram til kynningar tillaga að breytingu á reglugerð KSÍ um landsliðsviðurkenningar, frekari umræðu og afgreiðslu var frestað.
- ✓ Stjórn KSÍ samþykkti að framlengja bráðabirgðaákvæði í reglugerð varðandi heimild til að hafa að hámarki fjóra leikmenn frá öðrum löndum en Evrópska efnahagssvæðinu, Færeyjum og Grænlandi skráða á 2 leikskýrslu í 1. aldursflokki í hvert sinn í leik á vegum KSÍ, að því skilyrði uppfylltu að a.m.k. einn þeirra leikmanna hafi úkraínskan ríkisborgararétt.

Haukur Hinriksson vék af fundi.

Jörundur Áki Sveinsson tók sæti á fundinum.

6. Verkefni milli funda

- a. Jörundur Áki Sveinsson sviðsstjóri knattspyrnusviðs flutti hnitmiðaða kynningu á starfi sviðsins.

Jörundur Áki Sveinsson vék af fundi.

- b. Fresta þurfti dagskrárliðnum „Samningur við fulltrúa KSÍ í landsliðsliðsverkefnum“ þar sem verið er að vinna úr athugasemdum sem bárust í samráðsferli.

Unnar Stefán Sigurðsson yfirgaf fund kl. 19:00.

- c. Vanda Sigurgeirsdóttir formaður KSÍ greindi frá fundi sínum hjá Íslenskum getraunum.
- d. Vanda Sigurgeirsdóttir formaður KSÍ greindi frá samningaviðræðum KSÍ og ÍTF.
- e. Vanda Sigurgeirsdóttir formaður KSÍ greindi frá stöðu mála varðandi þjóðarleikvang og markaðskönnun.
- f. Rætt um uppgjör vegna úttektarnefndar ÍSÍ, en Sigfús Ásgeir Kárason varaformaður og Klara Bjartmarz framkvæmdastjóri fara fyrir málinu fyrir hönd KSÍ.

Borghildur Sigurðardóttir varaformaður yfirgaf fund kl. 19:43.

7. Mótamál

- a. Dagskrárliðnum 7a, dómaramál var frestað.
- b. *Tillaga mótanefndar um færslu milli deilda vegna úrsagnar Einherja var samþykkt. Þá var rætt um tillögur nefndarinnar um keppnisfyrirkomulag í 2. flokki kvenna.*

8. Landsliðsmál

- a. Rætt um leikvöll vegna mögulegra leikja A landsliða Íslands í febrúar/ mars 2024 og 2025. Stjórn KSÍ samþykkti eftirfarandi bókun:
Vegna möguleikans á að A landslið karla leiki umspilsleiki í mars og að A landslið kvenna leiki umspilsleiki í febrúar/nóvember á komandi árum hefur stjórn KSÍ ákveðið að fela framkvæmdastjóra að kanna mögulega leikstaði erlendis sem valkosti fyrir heimaleiki A landsliða Íslands ef til þess kemur. Markmiðið er vissulega alltaf að liðin komist beint í lokakeppni (eða forðist fall um deild í Þjóðadeild, ef við á) án þess að þurfa að leika í umspilsleikjum, en rétt er að huga að undirbúningi og kanna fýsileika annarra valkosta ef til þess kæmi að það markmið næðist ekki og að leiðin í lokakeppni (eða að forðast fall) verði í gegnum umspilsleiki í mars eða febrúar/nóvember.

9. Önnur mál

- a. Stjórn KSÍ frestaði dagskrárlið 9a, tillögu starfshóps um félagaskiptaglugga: „Það er engu að síður mat starfshópsins að tímabært sé að kanna hvort ástæða sé til að gera breytingar á leikja- og mótafyrirkomulagi á undirbúningstímabili m.t.t. til þess að mótafyrirkomulag í Íslandsmótum hefur tekið breytingum. Í því skyni leggur hópurinn það til að annar starfshópur verði skipaður með það hlutverk.“
- b. Næsti stjórnarfundur:
 - ✓ 24. febrúar á Ísafirði (stór stjórn)

Fleira var ekki tekið til umræðu og var fundi slitið 20:20.

Klara Bjartmarz
Fundarritari